

Mánudaginn 8. janúar 1996.

Nr. 25/1995.

Fjármálaráðherra f.h. ríkisins

(Jón G. Tómasson hrl.)

gegn

Starfsmannafélagi ríkisstofnana

(Gestur Jónsson hrl.)

Uppsögn kjarasamnings. Launanefnd.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðmundur Skaftason og Guðni Á. Haraldsson.

Stefnandi er Friðrik Sophusson, fjármálaráðherra, Arnarhvoli, Reykjavík, f.h. ríkisins, kt. 540269-6459.

Stefndi er Starfsmannafélag ríkisstofnana, kt. 620269-3449, Grettisgötu 89, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

Að staðfest verði með dómi Félagsdóms, að uppsögn Starfsmannafélags ríkisstofnana 30. nóvember 1995 á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjalundar og St. Franciskusspítala og Starfsmannafélags ríkisstofnana undirrituðum 12. apríl 1995, sé ólögmat og gildislaus.

Að stefnanda verði dæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Mál þetta var þingfest fyrir Félagsdómi 13. desember sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 5. þ.m.

Málsatvik.

Hinn 12. apríl 1995 var gildandi kjarasamningur aðila framlengdur til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum, sem fólust í samningnum.

Í kjarasamningnum er ákvæði um forsendur samningsins og heimild til uppsagnar á samningstíma, sem hljóðar svo:

„10. gr. – Forsenda samnings þessa er, að verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekkt því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu verði tryggður.

Á samningstímabilinu munu fulltrúar fjármálaráðherra og félagsins, eða sá aðili sem það tilnefnir, koma saman og meta hvort forsendur samningsins hafi haldið. Hvorum aðila er heimilt að segja samningnum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef veruleg og marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum samkvæmt þessari grein. Komi til uppsagnar samkvæmt framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995“.

Með bréfi dags. 10. nóvember 1995 óskaði stefndi fundar um forsendur kjarasamningsins. Fulltrúar samningsaðila hittust 27. og 30. nóvember 1995 til viðræðna á grundvelli ákvæðis 10. gr. samningsins. Á fundum þessum voru ekki lögð fram gögn um verðlagsþróun á samningstímanum í heild, en fram kemur í minnisatriðum, sem skráð voru á þessum fundum, að aðilar voru ósammála um það hvort sú verðlagsþróun væri innan marka 10. gr. samningsins eða ekki.

Með bréfi dags. 30. nóvember 1995 tilkynnti stefndi uppsögn á kjarasamningnum á grundvelli 10. gr. hans. Var uppsögnin afhent varaformanni samninganefndar ríkisins að kvöldi þess dags.

Í framhaldi af þessu ritaði stefnandi stefnda bréf 4. desember 1995 þar sem m.a. kemur fram það sjónarmið að uppsögn kjarasamningsins yrði ekki byggð á því að forsendur hans hefðu brostið. Þess var farið á leit, að stefndi endurmæti afstöðu sína og afturkallaði uppsögn samningsins. Í bréfinu var tekið fram, að hafi staðfesting stefnda þessa efnis eigi borist fyrir kl. 16:00 föstudaginn 8. desember yrði litið svo á af hálfu stefnanda, að stefndi héldi við tilkynningu sína um uppsögn og kæmist stefnandi þá ekki hjá því að láta reyna á lögmæti hennar fyrir dómi. Svar barst ekki frá stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi höfðar málið á grundvelli 3. tl. 26. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og byggir kröfugerð sína á því, að uppsögn stefnda á kjarasamningnum frá 12. apríl 1995 sé ekki í samræmi við ákvæði 10. gr. hans og því ólögmæt.

Ekki verði séð, að stefndi hafi gert minnstu tilraun til að sýna fram á eða sanna, að verðlagsþróun hafi á samningstímanum verið frábrugðin því sem gerist í samkeppnislöndunum, sbr. 1. mgr. 10. gr. kjarasamningsins. Stefndi hafi því ekki sýnt fram á, að veruleg eða marktæk frávik hafi orðið á samningsforsendum, sbr. 2. mgr. 10. gr. Stefndi hafi þannig ekki fært sönnur á, að skilyrði hafi verið fyrir

uppsögn. Á fundi fulltrúa samningsaðila 30. nóvember sl. komi hins vegar skýrt fram það mat fulltrúa stefnanda, að forsendur gildandi samnings hefðu haldið og því væri ekki grundvöllur til uppsagnar hans.

Af hálfu stefnanda er því einnig haldið fram, að afhending uppsagnar á heimili varaformanns samninganefndar ríkisins að kvöldi 30. nóvember 1995, um kl. 21:30, sé ekki í samræmi við viðurkenndar formreglur í samningarétti og teljist því ófullnægjandi, enda verði að telja eðlilegt og sjálfsagt, að svo viðurhlutamikil ákvörðun sé birt á starfsstöð viðsemjandans á eðlilegum starfsstíma. Tekið hafi verið við bréfi stefnda með fyrirvara um gildi uppsagnar og sé sú áletrun í vörslu stefnda.

Pá bendir stefnandi á, að efnislega sambærilegt ákvæði og sé í 10. gr. kjarasamnings aðila sé að finna í 16. gr. kjarasamnings aðildarfélaga ASÍ og Vinnuveitendasambands Íslands frá 21. febrúar 1995. Sérstakri launanefnd ASÍ og vinnuveitenda hafi verið falið að fylgjast með framvindu efnahags-, atvinnu- og verðlagsmála og skera úr um, hvort ástæða væri til uppsagnar samninga. Hafi launanefndin komist að þeirri niðurstöðu 30. nóvember 1995, að ekki væru marktæk frávik á forsendum kjarasamninganna og því ekki grundvöllur fyrir uppsögn þeirra. Þessi niðurstaða renni stoðum undir þá fullyrðingu stefnanda, að forsendur kjarasamnings aðila þessa máls hafi haldið og stefnda hafi því ekki verið heimilt að segja samningnum upp skv. ákvæði 10. gr. hans.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er m.a. tekið fram um málsatvik að í minnispunktunum frá fundi aðila 27. nóvember sl. megi sjá að fulltrúar stefnda hafi lagt áherslu á þau sjónarmið að kjarasamningur aðila hafi verið gerður á þeirri forsendu að félagsmenn SFR fengju hliðstæðar launabreytingar þeim sem um semdust í öðrum kjarasamningum. Í ljós hafi komið að einstakir hópar hafi fengið mun meiri launahækkanir en félagsmenn SFR. Í fundargerðinni séu tilgreindir alþingismenn, ráðherrar, kennarar, sjúkraliðar og hjúkrunarfræðingar sem dæmi um slíka hópa. Þá liggi fyrir að forsvarsmenn ASÍ og VSÍ séu að ræða beinar viðbótarlaunahækkanir á gildistíma kjarasamningsins. Á fundinum hafi ekki verið lagðar fram neinar upplýsingar um verðlagsþróun á samningstímanum í heild. Fulltrúar

SNR hafi lýst þeirri skoðun sinni að verðlagsþróun yrði innan marka 10. gr. en á þá skoðun hafi fulltrúar stefnda ekki fallist.

Í minnispunktunum frá fundinum 30. nóvember komi fram að aðilar hafi verið ósammála um verðlagsþróun á samningstímabilinu. Fulltrúar SNR hafi talið hana vera innan marka 10. gr. en fulltrúar stefnda hafi lýst sig ósammála því.

Stefndi heldur því fram að fyrirsjáanlegt sé, m.a. vegna verulegra launahækkana sem úrskurðaðar hafi verið eða samið hafi verið um í þjóðfélaginu umfram það sem reiknað hafi verið með við gerð kjarasamnings hans þann 12. apríl 1995, að verðlagsþróun á Íslandi verði ekki áþekk því sem verði í helstu samkeppnislöndum. Haldnir hafi verið tveir fundir samningsaðila þar sem farið hafi verið yfir forsendur samningsins. Á þessum fundum hafi aðila greint á um verðlagsforsendurnar. Stefnandi hafi engin gögn lagt fram til stuðnings þeirri skoðun að verðlagsforsendur á samningstímabilinu í heild muni standast. Eðlilegt sé að líta svo á að stefnandi, vegna stöðu sinnar, hafi sönnunarbyrðina og upplýsingaskylduna í þessu efni þegar fyrir liggur afstaða gagnaðila um að samningsforsendur séu brostnar.

Stefndi heldur því fram að formlega hafi verið rétt að uppsögn hans staðið. Ljóst sé og óumdeilt að stefnanda hafi borist uppsögnin þann 30. nóvember sl. Hvorki í samningi aðila né í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna eða öðrum lögum sé áskilið að uppsögn berist forsvarsmönnum aðila á skrifstofutíma. Orðalag 16. gr. 1. nr. 94/1986 styðji þessa túlkun.

Vegna málskostnaðarkröfunnar er tekið fram að stefndi hafi ekki frádráttarrétt vegna kostnaðar af virðisaukaskatti á lögmannsþjónustu.

Niðurstaða.

Með 1. gr. kjarasamnings aðila frá 12. apríl 1995 var gildandi kjarasamningur framlengdur til 31. desember 1996 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningnum felast og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. kjarasamningsins er forsenda hans að verðlagsþróun á samningstímanum í heild verði áþekk því sem gerist í helstu samkeppnislöndum, þannig að stöðugleikinn í efnahagslífinu verði tryggður. Í 2. mgr. þessarar greinar kjarasamningsins er tekið fram að á samningstímabilinu muni fulltrúar fjármálaráðherra

og Starfsmannafélags ríkisstofnana eða sá aðili, sem félagið tilnefni, koma saman og meta hvort forsendur samningsins hafi haldið. Um uppsögn samningsins segir svo í 10. gr.: „Hvorum aðila er heimilt að segja samningnum lausum með minnst mánaðar fyrirvara ef veruleg og marktæk frávik hafa orðið á samningsforsendum samkvæmt þessari grein. Komi til uppsagnar samkvæmt framanskráðu tekur hún gildi 31. desember 1995.“

Af hálfu stefnanda er því haldið fram að það sé stefnda að sýna fram á að forsendur kjarasamningsins séu brostnar. Stefndi hafi ekki fært sönnur á það og því hafi ekki verið skilyrði til uppsagnar samningsins. Þá hafi stefnanda verið birt uppsögnin með ófullnægjandi hætti og af þeim sökum hafi hún verið of seint fram komin. Stefndi telur hins vegar að uppsögnin hafi bæði að efni og formi til verið lögmæt og vegna aðstöðu sinnar beri stefnandi sönnunarbyrðina fyrir því að samningsforsendur hafi haldið.

Fyrir liggur í málinu að kvittað var fyrir móttöku á uppsagnarbréfi stefnda á samningnum í tæka tíð. Viðurkennt er af hálfu stefnanda að varaformaður samninganefndar ríkisins hafi verið bær til að veita uppsögninni viðtöku. Verður því ekki talið að birtingu uppsagnarinnar hafi verið áfátt.

Þar sem stefndi sagði upp samningnum verður að telja að honum hafi borið að sýna fram á að skilyrði væru til uppsagnar samkvæmt 10. gr. samningsins. Stefndi hefur ekki sýnt fram á að þau frávik hafi orðið á samningsforsendum samkvæmt 10. gr. kjarasamnings aðila frá 12. apríl 1995 að hann geti sagt honum upp.

Með vísan til þessa er krafa stefnanda tekin til greina.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 100.000.

D ó m s o r ð:

Uppsögn Starfsmannafélags ríkisstofnana á kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Reykjalundar og St. Franciskusspítala frá 12. apríl 1995 er ógild.

Stefndi, Starfsmannafélag ríkisstofnana, greiði stefnanda, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kr. 100.000 í málskostnað.